

2. gr.

Handsömunargjald er kr. 4.000 og geymslugjald fyrir handsamaðan hund kr. 400 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1995.

*Umhverfissráðuneytið, 24. mars 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. febrúar 1995 staðfest breytingar á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000 frá 30. nóvember 1984, með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru:

- Verslunarlóð við Búðaröxl, sunnan Þjóðvegur, færist um breidd sína til suðausturs og iðnaðarsvæði stækkar sem því nemur.
- Landnotkun lóðar við hlið hótellóðar við Hafnarbyggð færist úr iðnaðarstarfsemi í lóð undir verslun og þjónustu.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytið, 16. mars 1995.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Egilsstaða 1993-2013.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 16. mars 1995 staðfest aðalskipulag Egilsstaða 1993-2013, sem er endurskoðun á áður staðfestu aðalskipulagi frá 5. nóvember 1985.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Egilsstaða liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytið, 16. mars 1995.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Magnús Jóhannesson.*

16. mars 1995

Nr. 192

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 16. mars 1995 staðfest aðalskipulag Blönduóss 1993-2013. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Blönduóss, 1976-1996 er staðfest var 14. júlí 1980.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Blönduóssbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytið, 16. mars 1995.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Magnús Jóhannesson.*

27. mars 1995

Nr. 193

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur, 1992-2012.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. mars 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1992-2012, frá 26. ágúst 1992 með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að á óskipulögðu svæði austan Innri-Njarðvíkur koma tvær spildur fyrir landbúnað.

Bæjarstjórn Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytið, 27. mars 1995.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*